

Foreldrafélags Glerárskóla

Aðalfundur 18. september 2018 klukkan 19:30

Mættir voru : Alma formaður, Edda meðstjórnandi, Atli meðstjórnandi og Brynja ritari.

Einnig 32 foreldrar nemenda í Glerárskóla ásamt Eyrúnu Skúladóttur skólustjóra.

- Brynja ritari setur fundinn og verður fundarstjóri að beiðni formanns.
- Fundarstjóri óskar eftir því við fundinn að fá að snúa erindum við þ.e. að Inga Huld Pálsdóttir fái að kynna Jákvæða aga stefnu skólans fyrst og svo taki við hefðbundin fundarstörf. Það var samþykkt af fundarmönnum.
- Fundarstjóri bauð þá viðstöddum að fá sér af veitingum sem Foreldrafélagið bauð uppá. Er þetta ein af mörgum fjáröflun bekkjarráðs 10. bekinga í skólanum.
- Inga Huld kynnti því næst stefnu skólans - Jákvæðan aga. Eftir kynninguna var boðið uppá spurningar.
- Venjuleg aðalfundastörf
- Skýrsla frá stjórn innihélt atriði sem framkvæmd voru á yfirstandandi skólaári og má þar nefna m.a. styrk sem veittur var bókasafninu til kaupa á nýjum bókum, keypti voru 2 svokallaðar pönnuvellir til að hafa úti á skólalóð, skólahreystitæki voru keypt, styrkur var veittur v/leiksýningarinnar Þörupilta í Hofi sem nemendur í 9. og 10. bekk fóru að horfa á ásamt kennurum og að lokum var veittur styrkur vegna leikstjóraauna við leikritið hjá 9. bekk á síðastliðnu skólaári. Skýrsla gjaldkera var ekki til staðar vegna misskilning en hún fylgir hér að neðan.
- Kosið í aðalstjórn. Inn í stjórn Foreldrafélagsins koma þeir Gunnar Þór Karlsson og Daníel Sigurður Eðvaldsson. Úr stjórn ganga Vilborg Hreinsdóttir og Raket Ósk Jensdóttir. Aðrir sitja áfram.
- Kosið í umhverfisnefnd. Brynhildur Smáradóttir fer út ásamt Ingu Steinlaugu Hauksdóttur sem var varamaður. Hörður Elís Finnbogason kemur inn sem aðalmaður og María Sigríður Sigfúsdóttir verður varamaður.
- Kosið í skólaráð. Ágúst Lárusson heldur áfram en Sesselja Ingibjörg Reynisdóttir hættir. Inn kemur Þorbjörg D. Kristbjörnsdóttir. Varamenn verða áfram Hólmfríður Þorsteinsdóttir og Elva Björk Gylfadóttir.

Önnur mál.

- 1.bekkingar fá boli sem gjöf frá Foreldrafélaginu í þessari viku.

Ekki fleira rætt og fundi lokið 20:50.

Ritari: Alma Stígisdóttir.